

Frístundakort - Nýtt styrkjakerfi í frístundastarfi

Reykjavíkurborg hefur samþykkt að tekið verði upp nýtt styrkjakerfi, Frístundakort, vegna þátttöku barna og unglunga í æskulýðs-, íþróttá- og menningarstarfi í borginni. Markhópur Frístundakortsins er aldurshópurinn 6 - 18 ára en innleiðing þess verður unnin í nánú samráði ÍTR við félög og samtök í borginni sem hagsmuna hafa að gæta varðandi frístundastarfsemi fyrir þennan aldurshóp.

Frístundakortið verður innleitt í þremur áföngum og hefst sá fyrsti haustið 2007 og er þá miðað við 12.000.- króna framlag. Annar áfangi hefst 1. janúar 2008 og er þá miðað við 25.000.- króna framlag á árinu. Með þriðja áfanga lýkur innleiðingu frá og með 1. janúar árið 2009 og er þá miðað við 40.000.- króna framlag á því ári.

Meginskilyrði verður að starfsemi félags sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna í viðum skilningi. Starfsemin fari fram undir leiðsögn hæfra starfsmanna og leiðbeinenda við aðstæður sem hæfa starfi með börnum og unglungum. Styrkhæf starfsemi verði að miðast við 10 vikur samfellt hið minnsta. Ekki verður um beingreiðslur til foreldra að ræða heldur fái foreldrar rétt til að ráðstafa tilgreindri upphæð í nafni barns síns til niðurgreiðslu á þátttöku- og æfingagjöldum. Heimilt verður að nýta styrkina til niðurgreiðslu fleiri en einnar greinar eða starfsemi en þó ekki fleiri en þriggja á hverjum tíma. Ekki verður heimilt að flytja styrki milli ára.

Stefnt er að því að öll skráning í starfsemi og umsýsla Frístundakortsins fari fram með rafrænum hætti á rafrænu Reykjavík en skipaður hefur verið sérfræðingahópur á vegum ÍTR vegna þessarar útfærslu. Auglýst verður eftir samstarfsaðilum á vettvangi frístunda- og menningarstarfs í borginni. Þeir aðilar sem þátt vilja taka í hinu nýja styrktarkerfi gerast aðilar að formlegum samningi þar sem skilyrði og gæðaviðmið eru útlistuð. Við innleiðingu Frístundakortsins og útfærslu viðmiða í samningum við aðila verður þess sérstaklega gætt að:

- nýtt styrktarkerfi leiði til aukins jöfnuðar í aðgengi að frístundastarfi
- ekki verði óeðlilegar hækkningar á gjaldskrá eða öðrum kostnaði við þátttöku
- fagleg gæði og viðmið í starfsemi gjaldi ekki fyrir aukna þátttöku

Sett verður fram lýðfræðilegt módel byggt á hverfaskiptingu borgarinnar þar sem mælikvarðar og viðmið varðandi þátttöku og gæði í starfseminni verða könnuð og áhrif hins nýja styrkjakerfis metin. Starfshópur kjörinna fulltrúa sem skipaður var á fundi ÍTR 10. nóv. sl. mun hafa yfirumsjón með innleiðingu Frístundakortsins ásamt embættismönnum ÍTR.